



1. DKG-fundur vetrarins haldinn á heimili Elinborgar á Iðu í Bláskógabyggð
Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 11:00
Fundarstaður :Iða í Bláskógabyggð
Gestgjafi fundarins: Elinborg Sigurðardóttir

1. Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Formaðurinn fór yfir mætingalistann og voru 18 konur mættar.
3. Orð til umhugsunar var á sínum stað og núna í höndum systur okkar Rósu Mörtu Guðmundsdóttur. Hún var með hugleiðingu um að nú væri lag að brjóta upp vanann þar sem við erum að fara inn í nýtt ár, nýjan áratug og þar með nýtt upphaf. Einnig vísaði Rósa Marta í bókina **Lífsgleði njóttu** eftir Dale Carnegie. Þar er lögð áhersla á að upplifa núíð og einbeita sér að verkefnum dagsins í dag og að muna eftir þakklætinu. Eitthvað sem er mikil þörf á að huga vel að í dag rétt eins og fyrir áratugum síðan þegar þessi bók var fyrst gefin út.
4. Bókarýni okkar var aðalefni fundarins. Að þessu sinni var ákveðið að hver og ein systir fengi að ræða eina bók í fyrstu umferð til þess að fundurinn myndi ekki dragast á langinn. Miklar og góðar umræður spunnust um bækurnar og innihald þeirra. Hér verður tæpt á þeim sem nefndar voru á fundinum. **Kinda-sögur** e. Aðalstein Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson, **Stormsker** e. Birki Blæ Ingólfsson. Þessi bók fékk íslensku barnabókaverðlaunin árið 2018, **Aðferðir til að lifa af** e. Guðrúnu Evu Mínervudóttur, **Óstýriláta mamma mín** e. Sæunni Kjartansdóttur, **Innflytjandinn** e. Ólaf Jóhann Ólafsson, **Heiða fjalldalabóndi** e. Steinunni Sigurðardóttur, **Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú** e. Hildi Hákonardóttur, **Kona í hvarfpunkti** e. Nawal El Saadawi, **Systa, bernskunnar vegna** e. Vigdís Grímsdóttur, **Glæpur við fæðingu** e. Trevor Noah, **Vængjabytur vonarinnar** e. Margréti D. Ericsdóttur, **Flata kanínan og Tréð**, barnabækur e. Bárð Oskarsson, **Jakobína** e. Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur, **Menntuð** e. Tara Westover. Nokkrar systur höfðu valið sömu bókina og því var hægt að ræða nánar um þær. Einnig voru eldri bækur ræddar eins og **Englar alheimsins** e. Einar Már Guðmundsson og **Punktur, punktur, komma, strik** e. Pétur Gunnarsson í tengslum við minnkandi orðaforða unglunga og minni málsskilning.
5. Dregið var úr happdrættinu okkar og hlaut Guðrún Sigriks Sigurðardóttir vinninginn
6. Að lokum snæddum við ljúfengar veitingar af „Pálínuborðinu“

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Eydis Katla Guðmundsdóttir, í fjarveru Ásborgar Arnþórsdóttur.